

Nefndasvið Alþingis
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

17. febrúar 2014
Tilvísun: 2014010286/10.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum (heildarlög, EES-reglur), 238. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 27. janúar sl., vegna umsagnar um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum. Verði frumvarpið samþykkt munu reglugerð (EB) nr. 924/2009 og reglugerð (ESB) nr. 260/2012 hafa lagagildi hér á landi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 146/2004, sem lögfesti eldri reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um greiðslur yfir landamæri í evrum, reglugerð (EB) nr. 2560/2001. Verði frumvarpið samþykkt verða einnig gerðar breytingar á lögum um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011.

Fjármálaeftirlitið kom að gerð frumvarpsins á fyrri stigum og gerir ekki athugasemdir við efni þess.


Fjármálaeftirlitið vekur athygli efnahags- og viðskiptanefndar á því ósamræmi sem er á orðalagi 18. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, og 25. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013. Í báðum ákvæðum er fjallað um tryggilega varðveislu fjármuna, en einungis kemur skýrt fram í lögum um útgáfu og meðferð rafeyris að fjármunir teljist tryggilega varðveittir ef fjárfest er fyrir þá í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum. Fjármálaeftirlitið telur heppilegt ef sambærilegt orðalag kæmi fram í 18. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, og leggur til að gerð verði breyting á umræddu ákvæði laganna, samhliða því að ráðist verði í þær breytingar á lögum um greiðsluþjónustu sem fram koma í frumvarpinu.

Stofnunin telur ástæðu til að vekja athygli á að verði frumvarpið samþykkt fylgja því ýmis verkefni tengd eftirliti með greiðsluþjónustu sem bætast við aðrar lögbundnar skyldur Fjármálaeftirlitsins. Vegna þessa mun verkefnaálag stofnunarinnar aukast.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Rúnar Guðmundsson


Hjálmar S. Brynjólfsson